

**Hið íslenska náttúrufræðifélag**  
**Stofnað 1889**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/928*  
*komudagur 3.2.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar, 2004.

*Varðar* **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum (pskj. 346, 301. mál) og breytingu á skipulags- og byggingarlögum (pskj. 347, 302. mál).**


Meðfylgjandi eru athugasemdir stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags við frumvarp til laga um breytingar á mati á umhverfisáhrifum og á eftir athugasemdir við breytingar á skipulags- og byggingalögum.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við greinar 2,6, 7, 13, 14, 15, 16, 17 og 19 í M.á.umhv.áhr. en athugasemdir eru gerðar við aðrar greinar frumvarpsins. Athugasemdir eru settar aftan við viðkomandi greinar í meðfylgjandi plaggi.

HÍN gerir ekki fleiri athugasemdir við frumvörpin en fram kemur í plagginu. Félagið ítrekar aftur á móti (sbr. athugasemdir HÍN við síðustu endurskoðun laganna) að brýn nauðsyn er að endurskoða hið fyrsta ýmis fleiri viðmið sem tilgreind eru í 1. og 2. viðauka gildandi laga um Mat á umhv.ár. og er þörf ýtarlegri yfirferðar en gert er við núverandi endurskoðun.

Bréf þetta er sent í tölvupósti á [nefndasvi@althingi.is](mailto:nefndasvi@althingi.is) og sem bréf á ofangreint heimilsfang.

Fyrir hönd stjórnar HÍN í fjarveru formanns



Dr. Helgi Torfason  
Varaformaður  
Kvisthagi 7  
107 Reykjavík

Athugasemdir Hins íslenska náttúrufræðifélags (HIN) við einstakar greinar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 (Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.).

## 1. grein.

Frumvarpstíllaga:

„1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem fellur undir ákvæði laga þessara hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- b. að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.“

Gildandi lög:

„1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið,
- c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“

ATHUGASEMID HIN VID 1 gr

HIN fagnar breytingartilöggunni, einkum b-lið, og telur hana auka almennt á skýrleika í markmiðssetningu laganna. Við síðustu endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum benti HIN á að í gildandi lögum væru málslíðir a-c tilgangslíðir að markmiðum en að sjálft markmiðssetningu skorti. Með fram kominni viðbót á nýjum b-lið er bætt úr þessum galla.

## 2. grein.

Frumvarpstíllaga:

„2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laga þessara, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.“

Gildandi lög:

„2. gr. Gildissvið.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.“

### 3. grein.

Frumvarpstíllaga:

„3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „úrskurði“ í 2. málsl. a-liðar kemur: álit.
- b. D-liður orðast svo: *Leyfi til framkvæmda*: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum svo og leyfi til starfsemi sem framkvæmdum fylgir og önnur leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.
- c. 1. efnismálsl. h-liður orðast svo: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.
- d. Við k-lið bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.
- e. Í stað l-liðar koma tveir nýir liðir sem orðast svo:
  1. *Umhverfisverndarsamtök*: Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.
  - m. *Umsagnaraðilar*: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.“

Gildandi lög:

„3. gr. Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

- a. *Athugun Skipulagsstofnunar*: Formleg kynning matskýrslu, umfjöllun stofnunarinnar og álitsumleitan. Athugun lýkur með úrskurði Skipulagsstofnunar.
- b. *Framkvæmdaraðili*: Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem lög þessi taka til.
- c. *Framkvæmd*: Hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir sem undir lög þessi falla.
- d. *Leyfi til framkvæmda*: Leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir.
- e. *Leyfisveitandi*: Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda.
- f. *Matsáætlun*: Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í matsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð matsskýrslu.
- g. *Matsskyld framkvæmd*: Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.
- h. *Matsskýrsla*: Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.
- i. *Mótvægisáðgerðir*: Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
- j. *Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
- k. *Umhverfisáhrif*: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi.
- l. *Umtalsverð umhverfisáhrif*: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.“

ATHUGASEMID HIN VID 3 gr

HIN telur að breytingarstillinga í e-lið frumvarpsins, þar sem lagt er til að fella brott ur lögunum skilgreiningu e hugtakiinu *umtalsverð umhverfisáhrif*, stríði gegn tilgangi og markmiði laga þessara. Hugtakið er grundvallaratriði í matsferli skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum (sbr. aðfararorð með tilskipunum ESB). Í greinargerð með frumvarpinu koma fram þau rök að hugtakið se svo matskennt og óljóst að ekki sé stætt á því að nota það. HIN telur þetta ekki haldbær rök og bendir á að ekki fari milli mála að framkvæmdir sem taldir eru upp í 1. viðauka laganna og staðsettar eru á svæði sem tann eru upp í 3. viðauka laganna seu þess eðlis að þær hafi eða hafi mjög líklega í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í l-lið gildandi laga er hnykkt á því að umtalsverð umhverfisáhrif seu óafturkræf og ekki hægt að mæta þeim með mótvægisáðgerðum. Að

mati HIN eiga þessar tvær áherslur ásamt viðmiðum í 1. og 2. viðauka að duga til að skera m. um með skværum og ótvíæðum hætti í langflestum tilfellum hvort tiltekin framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki. Með vísan til varnarsvæðisreglnanna, að nátturan njoti vafans þegar óvissa ríkir um málum sem þessum, er ekki eðlilegt að þau fái tilfelli, þar sem óljóst kann að vera hvort framkvæmd leiði til umtalsverðra umhverfisáhrifa, hafi svo rík áhrif á lagasetningu eins og lagt er til í frumvarpinu.

Í ljósi framangreindra áttíða leggst HIN eindregið gegn því að fella úr lögum skilgreiningu á hugtakinu umtalsverð umhverfisáhrif.

Varðandi skilgreiningu á umhverfisverndarsamtökum í frumvarpstíllögumni, sem skráskotar til málskotsreitar í 12. gr. frumvarpsins (og 2. gr. frumvarps um breytingu á skipulags- og byggingarlögum) er það mat HIN að hún takmarki aðkomu fjálsra félagasamtaka í matsferli miðað við gildandi lög. Í gildandi lögum eru engar alika takmarkanir settar fram um kærurett og dómsaðild vegna mála sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum. HIN bendir jafnframt á að í 12. gr. frumvarpsins kemur fram viðbótar skilgreining á umhverfisverndarsamtökum, sem ekki er að finna í sjálfum skilgreiningarkafli laganna. Her er aftur við það skilyrði að samtökin skuli hafa minnst 50 meðlimi. HIN hvetur umhverfisnefnd Alþingis til að lata gera uttekt á því hve mörg umhverfisverndarsamtök uppfylli skilyrðin sem sett eru í lagafrumvarpinu. HIN grunar að sú flokki sé teljandi á fngum annarrar handar. Meira að segja er óvíst hvort Landvernd uppfylli öll skilyrðin. Þá er óljóst um aðkomu fjölmargra ferða- og útivistarsamtaka (þ.a.m. samtök jeppaeigenda, snjosleða, hesta og ferðafélaga), sem ekki hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Vegna framangreindra galla telur HIN farsælasi að sleppa skilgreiningu á umhverfisverndarsamtökum.

## 4. grein.

Frumvarpstíllaga:

..4. gr.

2. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: **Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.**

Gildandi lög:

..II. kafli. Stjórnsýsla.

4. gr. *Yfirstjórn og framkvæmd.*

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir og tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

ATH GASEMD HIN VIÐ 4 gr.

HIN setur sig ekki á milli því að úrskurðarvald um mat á umhverfisáhrifum verði tekið út höndum Skipulagsstofnunar og úrskurði breytt í álit, að því tilskvöldu að leytissentanca verði gert skylt að taka tillit til alits Skipulagsstofnunar, rett eins og nú er

kveðið á um í gildandi skipulags- og byggingarlögum (1. mgr. 27. gr.), „*Meiri þattar framkvæmdir, sem áttar þafa á umhverfið og breyta úsýnd þess, svo sem breyting lands með jafnvegi eða efniðstök, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mati á umhverfisáhrifum þar sem það á við.*“ Með öðrum orðum, leifi fyrir ramkvæmd verði í samræmi við alí: Skipulagsstofnunar. Ella þjoni það ekki markmiðum laga um mati á umhverfisáhrifum, ef leyfisveitandi þarf ekki að taka tillit til meginniðurstöðu í mati Skipulagsstofnunar, hins óháða faglega aðila í matsferlinu. Sjá nánar athugasemdir við 3. gr. frumvarps til breytinga á skipulags- og byggingarlögum.

## 5. grein.

Frumvarpstillaða:

„5. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæða eða þær eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skulu metin sameiginlega.“

Gildandi lög:

„III. kafli. Matsskylda.

5. gr. Matsskyldar framkvæmdir.

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla.“

ATHUGASEMID HIN VID 5. gr.

HIN laguar breytingartillogum á 2. mgr. 5. gr. og má benda á að við síðustu endurskoðun laganna hvatti félagið til svipaðrar breytinga. Heimildin sem felst í breytingunni eykur líkur á því að mat verði heildstæðara og betri yfirsýn fæst en ella. Vanbandi 3. og 4. mgr. 5. gr., sem standa óbreyttar skv. frumvarpinu, telur HIN að full ástæða sé til að taka þær skoðunar, einkum vegna þess að þar er að finna afar rúmar og illi skilgreindar undanþáguleimildir, sem þafa í för með sér óskýra lagasetningu.

## 6. grein.

Frumvarpstillaða:

„6. gr.

4. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.“

Gildandi lög:

..6. gr.

*Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.*

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. má kæra til umhverfisráðherra. Kærufrestur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi og almenningi.“

ATHUGASEMD HIN VIÐ 6. gr.

EF ER EMI GERÐAR ATHUGASEMDIR VIÐ Breytingartilloguna í frumvarpinu. Tekið er undir þau rök að allar kæruheimildir viðvikajandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar beri að hafa í einni lagagrein (12. gr.)

## 7. grein.

Frumvarpstíllaga:

..7. gr.

A eftir 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.“

Gildandi lög:

.. IV. kafli. Málsmeðferð vegna matskyldra framkvæmda.

8. gr. *Matsáætlun.*

Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga berst, að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun skal hún kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stigum, sbr. 9. og 10. gr., farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.“

## 8. grein.

Frumvarpstíllaga:

„8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan skal unnin af framkvæmdaraðila í samráði við Skipulagsstofnun. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og tillögum um umhverfsvöktun þar sem það á við.

c. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Í niðurstöðu matsskýrslu skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 19. gr.“

Gildandi lög:

„9. gr. Matsskýrsla.

Nú hyggur framkvæmdaraðili á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum og ber honum þá að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. að gera skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr. Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana.

Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöðu hennar.“

ATHUGASEMD HIN VIÐ 8. GR.

HIN leggur gegn 1. mgr. breytingartillögunnar, nema að því tilskyldu að við bætist nýr málslíður (3. málslíður í 1. mgr. gildandi laga) aftast við malsgreinina 1. mgr. 9 gr. verði þá eftirfarandi:

Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan skal unnin af framkvæmdaraðila í samráði við Skipulagsstofnun. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr. Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana.“

HIN telur það ekki þjóna hagsmunum laga um mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdaraðili kynni með drög að matsskýrslu á **formlegu, almennu athugasemdarstigi**, eins og lagt er til í 9. gr. frumvarpsins (sjá athugasemdir hér á eftir við 9. gr.). Hins vegar er mikilvægt að halda inni heimild til handa framkvæmdaraðila á **kynningarstigi**, þannig að hann geti lagt fram drög að matsskýrslu til kynningar og athugasemda, í því augnamiði að fá fram á sem allra fyrst í matsferlinu ábendingar og athugasemdir til að gera endanlega matsskýrslu sem besta úr gærði. Með þetta að leiðarljósi er tillaga HIN um 1. mgr. 9 gr. lögð fram

## 9.grein.

Frumvarpstíllaga:

„9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Skipulagsstofnun“ í 1. mgr. kemur: drög að; og í stað orðsins „skýrslan“ í sömu málsgrein kemur: drög að skýrslunni.
- b. Á eftir orðinu „og“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: drög að.
- c. Á eftir orðunum „framkvæmd og“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: drög að; og í stað orðsins „matsskýrsla“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: drög að matsskýrslu.
- d. Í stað orðanna „Matsskýrslan skal“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: Drög að matsskýrslu skulu; og í stað orðanna „framlagða matsskýrslu“ í 2. málsl. sömu málsgreinar kemur: framlögð drög að matsskýrslu.
- e. Í stað orðsins „matsskýrslu“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: drögum að matsskýrslu.
- f. 6. mgr. orðast svo:  
Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili skal gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.“

Gildandi lög:

„10. gr. Athugun Skipulagsstofnunar.

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu. Skal það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og matsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Matsskýrslan skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða matsskýrslu.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í matsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

Umsagnir og athugasemdir sem Skipulagsstofnun berast við hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu skulu kynntar framkvæmdaraðila og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind. Framkvæmdaraðila skal gefinn a.m.k. viku frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir.“

ATHUGASEMD HIN VIÐ 9. GR.

HEN leggt veðgn öllum breytingartillögum á 9. gr. frumvarpsins sem felast í því að skipta um *matsskýrslu* með *drögum að matsskýrslu*. Breytingartillagan leiðir til þess að lögbindnir umsagnaraðilar (fyrir utan Skipulagsstofnun), almenningur, félagasamtök og fyrirtæki fa ekki tækifæri til að gera athugasemdir við endanlega matsskýrslu. Þar af leiðandi fa framangreindir aðilar ekki tækifæri til að tjá sig um endanlega útfærslu framkvæmdar ásamt hugsanlegum mótvægisáðgerðum, sem kann að breytast meira eða minna í meðförum framkvæmdaraðila miðað við drögin um framkvæmdina sem hann kynnti



Ávörðun Skipulagsstofnunar fær hina endanlegu matsskýrslu í hendur og veitir **endanlegt álit** á henni í kjölfarið. Þannig er, þá er ekki gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun sámi um athugasemdir og umsögnum sem berast stofnuninni vegna framkvæmdarinnar eins og er skv. gildandi lögum, heldur ber stofnuninni að senda þær til framkvæmdaraðila, sem skal taka afstöðu til þeirra í endanlegri matsskýrslu (sbr. skv. íngatexta við lagafrumvarpið bls. 14-15).

Þetta telur að breytingartillagan stríði gegn meginmarkmiði laga þessara, aðallega vegna þess að aðkoma ologbundinna aðila á borð við almenning og fjáls félagasamtök er takmörkuð við ofullgerða matsskýrslu og ofullgerða framkvæmdarlýsingu. Eini möguleiki ologbundinni aðila að málina eftir að framkvæmdaraðili hefur skilað af sér er danlegri matsskýrslu er á kærustigi, eftir að leyfi hefur verið gefið fyrir framkvæmdinni.

Felagið bendir að lokun á að breytingartillagan er með öllu óþórt, þar eð að í gildandi lögum er heimild fyrir framkvæmdaraðila að sanna með drög að matsskýrslu (sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins).

## 10. grein.

Frumvarpstíllaga:

..10. gr.

11. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Álit Skipulagsstofnunar.*

Innan fjögurra vikna frá því að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal Skipulagsstofnun gefa rökstutt álit sitt á því hvort hún uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáðgerðir en fram koma í skýrslunni skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisáðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki verulega frá drögum að matsskýrslu skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, öðrum umsagnaraðilum svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við drög að matsskýrslu á kynningartíma. Almennungur skal eiga greiðan aðgang að álitum Skipulagsstofnunar.“

Gildandi lög:

..11. gr. *Úrskurður Skipulagsstofnunar.*

Innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 4. mgr. 10. gr. rennur út skal Skipulagsstofnun kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

- a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða
- b. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðu og hvaða skilyrðum hún er bundin ásamt lýsingu á helstu mótvægisáðgerðum þegar það á við.

Skipulagsstofnun er heimilt í úrskurði sínum að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.

Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaraðilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matsskýrslu á

kynningartíma. Úrskurðurinn skal kynntur á sama hátt og matskýrsla skv. 2. mgr. 10. gr. innan tveggja vikna frá því að hann var kveðinn upp. Almenningsur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt hlutaðeigandi og almennings. sbr. 12. gr.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða séu þær talðar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 5. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til ráðherra. Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum."

#### ATHUGASEMD HIN 10. GR.

HIN felst ekki á breytingatillögum í 10. gr. lagafrumvarpsins og telur félagið að þær þjáfi ekki markmiðum laga þessara. Í staðinn leggur félagið til eftirfarandi breytingar á 11. gr. gildandi laga

#### 11. gr.

#### ~~Úrskurður~~ *Álit Skipulagsstofnunar*

Innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 4. mgr. 10. gr. rennur út skal Skipulagsstofnun gefa út rökstutt álit um ~~kveða upp rökstuddan~~ úrskurð um mat á umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðir viðkomandi framkvæmdar á grundvelli fyrirliggjandi gagna

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

~~a) fallist er á viðkomandi framkvæmd með eða án skilyrða eða b) lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.~~ Í úrskurði áliti Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum og hvaða skilyrðum hún þáð er bundin ásamt lýsingu á helstu mótvægisáðgerðum þegar þáð á við

Skipulagsstofnun er heimilt í úrskurði áliti sínum að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hana fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga ur neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á umhverfið og til að ganga ur skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin kann að hafa í för með sér

Þegar úrskurður ~~áliti~~ Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal ~~hann þáð~~ kynntur umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaradilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matskýrslu á kynningartíma. ~~Úrskurðurinn~~ **Álitið** skal kynntur á sama hátt og matskýrsla skv. 2. mgr. 10. gr. innan tveggja vikna frá því þáð liggur fyrir hann var kveðinn upp. Almenningsur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði áliti Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt hlutaðeigandi og almennings. sbr. 12. gr.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða séu þær talðar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 5. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til ráðherra

Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum.

Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila viki verulega frá drögum að matsskýrslu skil hun auglýst að nýju skv. 10. gr.”

Í gildandi lögum hefur Skipulagsstofnun aðeins fjórar vikur til að fjalla um umhverfisáhrif framkvæmdar og veita rökstutt alit eftir að frestur rennur út til að koma að athugasemdum (sbr. 1. mgr. 11. gr.). Framkvæmdaraðili hefur hins vegar ótakmarkaðan frest til að fjalla um fram komnar athugasemdir (sbr. 6. mgr. 10. gr.). Fjóra vikur er of nautur tími fyrir Skipulagsstofnun til að fjalla um matsskýrslu og veita rökstutt alit á henni á sama tíma og stofnuninni eru að berast ný gögn í málinu, þ.e. landsvör framkvæmdaraðila við fram komnum athugasemdum. Þetta gerir starf Skipulagsstofnunar tvíþælaúskilvirkir og erfið. Í tillögu HIN er lagt til að Skipulagsstofnun hafi átta vikna frest til að veita alit og ætti sá tími að nægja til að standa til verksins.

## 11. grein.

Frumvarpstíllaga:

„11. gr.

Við lögina bætist ný grein er verður 12. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Endurskoðun matsskýrslu.*

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan 6 ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild sinni matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitnið lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild sinni skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði á landsvisu innan viku frá útgáfu leyfis. Í auglýsingu skal tilgreina kærueimildir og kærufresti.”

Gildandi lög:

7. mgr. 11. gr.

„Hefjast framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum.“

ATHUGASEMD HIN VIÐ 11. gr.

HIN styður eindregið breytingatillögurnar í 11. gr. bæði heimild til að endurskoða matsskýrslu eftir tvær og tvímarkaðar forsendur fyrir endurskoðun, einkum með hliðsjón af náttúrufræði og tæknilegri þróun á sviði mannvirkjagerðar. Félagið telur að með breytingunum sé meira tillit tekið til umhverfisverndar en ella og að m.a. sé skirskotað til varnðarreglunnar frá Rio

## 12. grein.

Frumvarpstíllaga:

„12. gr.

12. og 13. gr. laganna verða 14. og 15. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn, en 14. og 15. gr. verða 16. og 17. gr. laganna:

a. (14. gr.)

*Málskot til ráðherra.*

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfiráðherra. Sömuleiðis ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Öllum þeim sem eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta er heimilt að kæra fyrrgreindar ákvarðanir Skipulagsstofnunar til þess að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að drög að matsskýrslu uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða séu ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi.

b. (15. gr.)

*Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.*

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu leyfis til framkvæmda samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.“

Gildandi lög:

„12. gr. *Málskot.*

Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfiráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfiráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfiráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.

13. gr. *Úrskurður ráðherra.*

Umhverfiráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 12. gr. innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rann út.

Umhverfiráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út. Um úrskurð ráðherra gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi.“

VIÐHAFSSEMD HIN VIÐ 11. gr.

HIN getur ekki fallist í þær breytingartillogur sem lagðar eru fram í 2. mgr. 12. gr. framvagnsins sem felur í sér skerðingu á málskotsretti miðað við gildandi lög. Með breytingartillogunni er tekið fyrir heimild í gildandi lögum um að einstaklingar, sem ekki eiga svokallaðra „lögvarðra hagsmuna“ að gæta, hafi málskotsrett. HIN telur það grundvallaratriði að einstaklingur eigi málskotsrett, rett eins og félagasamtök með titekinni flokka meðlimum. Aðild að máli í því samhengi sem her um ræðir getur ekki

með góðum tókum verð skilyrt við ákeðna tegund af samtökum. Í slíkri takmörkun telst aðferð að einstaklingsfrelsi og telur HFN að breytingartillagan stríði augljóslega gegn ákvæðum Áróðarsunningsins, sem stjórnsýslu munu fyrir en síðar þurfa að innleiða í öðru lög.

### 13. grein.

Frumvarpstíllaga:

„13. gr.

16. gr. laganna verður 13. gr. þeirra og orðast svo:

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmda skv. 5. eða 6. gr. og starfsemi sem henni fylgir fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

Við útgáfu leyfis til framkvæmda skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.“

### 14. grein.

Frumvarpstíllaga:

„14. gr.

17. gr. laganna verður 18. gr. þeirra og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Eftirlit framkvæmda.*

Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.“

### 15. grein.

Frumvarpstíllaga:

„15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna sem verður 20. gr. þeirra:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:

- a. undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,
- b. undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlana,
- c. undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,
- d. flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,
- e. um nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.*“

### 16. grein.

Frumvarpstíllaga:

„16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 21. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Undanþága frá frestum.*

Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í lögum þessum.“

### 17. grein.

Frumvarpstíllaga:

„17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II orðast svo:

Heimilt er að ljúka mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum til 1. janúar 2006.“

## 18. grein.

Frumvarpstíllaga:

„18. gr.

2. málsl. 21. tölul. 1. viðauka laganna fellur brott.“

Gildandi lög:

„1. viðauki.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.“ ....

„21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.“ ...

VIÐHAFSVEIÐIRN VÍÐ 18. GR.

HIN leggur gegn breytingartillögu við 18. grein frumvarpsins. Í breytingartillögunni reist að horft er fram hjá samlegðaráhrifum margra efnistökuastaða, en þau geta verið umtalsverð og á stundum meiri en umhverfisáhrif eins efnistökuastaðar, allt eftir aðstæðum og sérkennum í natúrunni. Breytingartillagan gengur einnig þvert gegn hugsuninni sem liggur að baki breytingartillögu frumvarpsins í 5. gr. og gegn frumvarpsbreytingu á 2. tölulið, 2. málslíð í 2. viðauka. HIN leggur til eftirfarandi breytingu (delettröð) í staðinn:

„21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka vegna sömu framkvæmdar þar sem fleiri en einn efnistökuastaður á sama svæði ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.“

## 19. grein.

Frumvarpstíllaga:

„19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 2. viðauka laganna:

- a. D-liður 1. tölul. orðast svo: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum svo og ruðningur á náttúrulegum skógi.
- b. 2. málsl. a-liðar 2. tölul. orðast svo: Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.
- c. Á eftir b-lið 2. tölul. kemur nýr liður og orðast svo: Námuvinnsla af hafs- eða árbotni.
- d. Í stað orðanna „100 kW“ í a-lið 3. tölul. kemur: 200 kW.
- e. Orðin „ofan jarðar“ í c-lið 3. tölul. falla brott.
- f. Við a-, b-, c-, d-, e-, f-, g- og i-lið 7. tölul. bætist: á verndarsvæðum.
- g. Við 10. tölul. bætast þrjú nýir liðir, a–c-liðir, sem orðast svo:
  - a. Uppbygging iðnaðarsvæða sem eru stærri en 15 ha.
  - b. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 10.000 m<sup>2</sup> og bygging bílastæðahúsa fyrir meira en 400 stæði.
  - c. Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.

- h. A-liður 10. tölul., sem verður d-liður, orðast svo: Flugvellir með minni en 2.100 m langa meginflugbraut.
- i. Í stað orðanna „á verndarsvæðum“ í g-lið 10. tölul., sem verður j-liður, koma orðin: 10 km eða lengri og grafnar niður.
- j. Á eftir orðunum „á strandlengjum“ í 1. másl. h-liðar 10. tölul., sem verður k-liður, kemur: á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá.
- k. Orðin „á verndarsvæðum“ í i-lið 10. tölul., sem verður l-liður, falla brott.
- l. Orðin „á verndarsvæðum“ í j-lið 10. tölul., sem verður m-liður, falla brott.
- m. Á eftir orðunum „á verndarsvæðum“ í c-lið 11. tölul. kemur: og svæðum á náttúruminjaskrá.“

## Gildandi lög:

### „2. viðauki.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
  - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
  - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
  - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
  - d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
  - e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
  - f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:
    - i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,
    - ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
    - iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.
- Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum.
  - g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.
  - h. Endurheimt lands frá hafi.
2. Námuðnaður:
  - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
  - b. Neðanjarðarnámur.
  - c. Djúpbörun, einkum:
    - i. börun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,
    - ii. börun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,
    - iii. börun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
    - iv. börun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m<sup>3</sup> ársnotkun eða meiri,
    - v. að frátalinni börun til að kanna stöðugleika jarðvegs.
  - d. Jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.
3. Orkuúnaður:
  - a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli 100 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
  - b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loflínunum á verndarsvæðum; og sæstrengir.
  - c. Geymsla jarðgass ofan jarðar á verndarsvæðum.
  - d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.
  - e. Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.
  - f. Gerð tafna úr kolum og brúnkolum.
  - g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi.
  - h. Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.
4. Framleiðsla og vinnsla málma:

a. Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.

b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum:

i. heitvölsunarstöðvar.

ii. smiðjur með hömrún.

iii. varnarhúðun með bræddum málum.

c. Málmosteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.

d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).

e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.

f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.

g. Stálskipasmíðastöðvar.

h. Stöðvar sem eru í ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftföllum.

i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.

j. Málmótun með sprengiefnum.

k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. Steinefnaíðnaður:

a. Koxofnar (þurreiming kola).

b. Sementsverksmiðjur.

c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum.

d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.

e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.

f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísam, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísam, leirmunum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m<sup>3</sup> eða meira.

6. Efnaiðnaður:

a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.

b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmilíki og peroxíðum.

c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.

7. Matvælaíðnaður:

a. Vinnsla á oliu og fitu úr jurtum og dýrum.

b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.

c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.

d. Öl- og maltgerð.

e. Framleiðsla á sætindum og sirópi.

f. Sláturhús.

g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.

h. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.

i. Sykurverksmiðjur.

8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsmiðnaður:

a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa.

b. Stöðvar þar sem fram fer formedferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.

c. Stöðvar þar sem fram fer sítun á húðum og skinnum.

d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa.

9. Gúmmiíðnaður:

Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmilíki.

10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

a. Flugvellir á verndarsvæðum.

b. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

c. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.

d. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.

e. Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.



- f. Leiðslur til flutnings á oliu og gasi á verndarsvæðum.
  - g. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
  - h. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
  - i. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum.
  - j. Mannvirki á verndarsvæðum til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.
11. Aðrar framkvæmdir:
- a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
  - b. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.
  - c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum.
  - d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.
  - e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
  - f. Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
  - g. Stöðvar sem framleiða manngerðar steinefnatrefjar.
  - h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
  - i. Förgun sláturúrgangs.
  - j. Endurvinnslustöðvar.
  - k. Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.
12. Ferðalög og tómstundir:
- a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
  - b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
  - c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.
  - d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
  - e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.
  - f. Skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.
13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.
- a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
  - b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.“

Athugasemdir Hins íslenska náttúrufræðifélags (HIN) við einstakar greinar á frumvarpi til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum (Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004).

## 2. grein.

Frumvarpstíllaga:

„8. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og jafnmarga til vara. Ekki skal þó skipa varamann formanns. Umhverfisráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Formaður skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefndir þrjá nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í verkfræði, annar í lögfræði og þriðji á sviði náttúruvísinda. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema formaður nefndarinnar sem jafnframt skal vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og hafa starfið að aðalstarfi. Hann skal skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Forstöðumaður úrskurðarnefndar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á henni. Hann fer með fyrisvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk úrskurðarnefndar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um störf nefndarinnar, verkefni hennar, valdsvið og starfsskilyrði.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnarsýslustigi. Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Við úrlausn einstaks máls skal nefndin að jafnaði skipuð formanni ásamt tveimur aðalmönnum eftir nánari ákvörðun formanns. Sé mál viðamikil skal nefndin fjalla um það fullskipuð. Formaður ákveður í hvaða málum nefndin skuli skipuð fimm fulltrúum.

Kæru til nefndarinnar sæta stjórnvaldsákvæðanir stjórnarsýslu sveitarfélaga og samvinnunefndar miðhálandisins, þegar það á við, nema annað sé sérstaklega tiltekið í lögum. Ákvæðanir sem ráðherra ber að lögum þessum að staðfesta sæta ekki kæru til nefndarinnar. Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Sé um að ræða ákvæðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærán lýtur að. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt, eða mátti vera kunnugt, um ákvörðun þá sem kæra á. Kærufrestur telst frá birtingu hennar.

Kærandi getur krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefnd svo fljótt sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993. Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.“

Athugasemdir HIN við 2. gr.

HIN leggst gegn efnisatriðum í 3. og 4. malslið 5 mgr. 2 gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um hverjir geti skotið máli til úrskurðarnefndar. HIN telur að breytingarnar hafi í för með sér þrenningar á þeim ruma almannaretti sem veittur er skv. gildandi lögum, þvöð í lögum um mat á umhverfisáhrifum og í skipulags- og byggingarlögum. Felagði telur enn fremur að skerðing á almannaretti sem felst í frumvarpstillögnum stangi á við meginntak. Arosasamningsins frá 1998, sem umhverfisráðherra hefur verið að fullgilda.

HIN er samtíamt þeirra skoðunar að skilyrði fyrir malskotsrétti samtaka séu að þau skal hafa 50 meðlimi, séu of há miðað við íslenskar aðstæður. Mjög fá umhverfisverndarsamtök her á landi hafa fleiri en 30 meðlimi.

### 3. grein.

Frumvarpstíllaga:

„3. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku og aðrar framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.

Sá sem óskar framkvæmdaleyfis skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar ásamt nauðsynlegum gögnum sem nánar skal kveða á um í reglugerð.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis skal sveitarstjórn fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsemi sem henni fylgir fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar skal sveitarstjórn kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar að svo miklu leyti sem aðrir leyfisveitendur til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafa ekki tekið afstöðu til þeirra.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda og niðurstaða álits Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal birt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og dagblaði sem gefið er út á landsvisu innan viku frá útgáfu leyfis. Í auglýsingu skal tilgreina kærheimildir og kærufresti.

Umsækjanda um framkvæmdaleyfi og hlutaðeigandi sveitarstjórn er heimilt að skjóta máli til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Ráðherra kveður nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.“

Athugasemdir HIN við 3. gr.

HIN leggst gegn 1. malslið 3 mgr. og 1. malslið 4 mgr. þar sem kveðið er á um malsmeðröð leyfisveitenda. Í staðinn ber að breyta gildandi 1. mgr. í 27. gr. laganna á eftirlitarskið hafi.

“Með þáttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð **álit Skipulagsstofnunar** um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.”

HIN telur að verði gildandi skilyrði felld brott um að afgreiðsla sveitarstjórnar skuli vera í samræmi við meginnetið í þínu lögformlega mati á umhverfisáhrifum, þ.e. faglega niðurstöðu og umfjellun Skipulagsstofnunar, se augljóslega grafið undan meginmörkinum laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati HIN leiðir breytingin til þess að allt matsferlið muni svífa í lausu lofti þar eð það kann að verða undir hælinn laga. Því er framkvæmdaleyfi taki mið af umhverfisvernd eins og allt matsferlið stefnir að. Þinnig er sú hætta fyrir hendi að hin mikla vinna verði unnin fyrir gýg sem höfðinginn, samtök og almennigur leggur jafnan af mörkum í matsferlinu.